

Athugun á fornleifum í landi Hesjuvalla

á Akureyri

vegna deiliskipulags á lóð frá heimajörðinni.



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Október 2016


Akureyri 31.október 2016

Fornleifaskráning í landi Hesjuvalla

Katrin Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA gerði vettvangsskoðun vegna deiliskipulags lóðar úr landi Hesjuvalla, landnúmer 212076. Með í vettvangsskoðuninni var Þór Sigurðsson sem hafði óskað eftir því fyrir hönd Rósu Maríu Stefánsdóttur skráðs eiganda landsins, að það yrði skoðað með tilliti til fornleifa sem gætu verið að finna á þessu afmarkaða svæði úr landi Hesjuvall. Vettvangsskoðun var gerð 12. október 2016.

Í deiliskipulagslýsingu svæðisins sem unnin er af Ágústi Hafsteinssyni arkitekt á Form arkitektastofu og Guðmundi Helga Gunnarssyni ráðunaut Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, segir svo:

“Skipulagsnefnd Akureyrar heimilaði landeiganda þann 10. október 2012 að hefja vinnu við gerð deiliskipulags lóðarinnar Hesjuvalla landnrúmer 212076. Lóðin liggur neðan Lögmannshlíðarvegur, nú héraðsvegur sem tengist gatnakerfi Akureyrabæjar að sunnan þ.e. Síðubraut og að norðan tengist aðkomuvegur Hlíðarvegi, héraðsvegur nr. 818 og vegi nr. 8298 við Lón sem síðan tengist Þjóðvegi 1. Að sunnan afmarkast spildan af læk sem eru landamerki við Lögmannshlíð, að austan af Lóninu og að norðan af landamerkjum við Kífsá, sjá afstöðumynd. Skipulagsmörk deiliskipulagstillögunnar munu ná yfir allt land Hesjuvalla með landnúmerið 212076.



Afmörkun svæðisins.

Forsaga fyrrgreindrar spildu er sú að árið 2007 var 18,2 ha landspildu landnr. 212076 skipt út úr jörðinni.

Ekki er til deiliskipulag af fyrrgreindri spildu. Það Hesjuvellir landnr. 146937 þ.e.a.s. öllu landi jarðarinnar neðan þáverandi þjóðvegur (817). Landspildan hefur fyrst og fremst verið nýtt til skógræktar, en nú eru uppi áform landeiganda um að byggja þar íbúðarhúser ætlun landeiganda að koma fyrir einu íbúðarhúsi auk bílgeymslu innan skipulagssvæðisins.”¹

Engar eru heimildir um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu.

Land Hesjuvalla var fornleifaskráð 1998. Voru þá skráðar 11 fornleifar í heimatúninu samkvæmt túnakorti frá 1918. Fornleifarnar er skráðar: Ey. 290 – Ey 211. bls. 24-26 í skráningunni. Heiti skárningar:

Fornleifaskráning í Eyjafirði X. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir.

Minjasafnið á Akureyri Fornleifastofnun Íslands. FS051-95027 Akureyri 1998.

Að sögn heimildarmanns var ofanefnt deiliskipulagssvæði óhreyft land fram til ársins 1960 og var fram að því að mestu þakið þúfum, og að hluta til mýrlendi. Þá skera landið tvær nokkuð háar og breiðar klappir, Háaklöpp að norðan og vestan og Langaklöpp að sunnan og austan.

Eftir 1960 var landið að mestu sléttað fyrir tún og grafnir skurðir til uppþurrkunar. Það er svo um 1990 að landið er tekið undir skógrækt og þá er túnið, sem sléttað hafði verið um 1960, plægt upp og trjáplöndur gróðursettar í plógförin og á þeim stöðum sem hægt var að koma plógnum að. Nú er skógræktin vel sýnileg yfir að líta.

Niðurstöður:

Engar heimildir eru um að á deiliskipulagssvæðinu hafi verið fornleifar.

Við vettvangsskoðun ásamt heimildarmanni kom ekkert í ljós sem benti til að minjar væri þar að finna. Þá má einnig nefna að landið á þessu svæði hefur fraið í gegnum túnasléttun um 1960, og um 1990 var það að mestu plægt upp vegna skógræktar. Sem segir að upphaflega landið er ekki sýnilegt, og ekki heimildir um að fornleifar hafi verið þar áður en sléttun og skógrækt áttu sér þar stað.

Hafa ber í huga ákvæði laga um Menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

¹ Ágústi Hafsteinssyni arkitekt á Form arkitektastofu og Guðmundi Helga hjá Gunnarssyni ráðunaut Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Bls.....

“Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.”²

Heimildir:

Ágúst Hafsteinsson arkitekt á Form arkitektastofu og Guðmundur Helgi Gunnarsson ráðunautur Búnaðarsambandi Eyjafjarðar: Deiliskipulagslýsing svæðisins.

Heimasíða Alþingis .Menningarminjar Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing [316. mál](#): menningarminjar (heildarlög).

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir 1998. Fornleifaskráning í Eyjafirði X. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár. Hesjuvellir bls. 24-26.

Heimildamaður: Þór Sigurðsson Helgamagrastræti 43, 600 Akureyri. (2016).

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir skógrækt lóðarinnar, Hesjuvellir til vinstri ofan við skógræktina.

² Heimasíða Alþingis .Menningarminjar Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing [316. mál](#): menningarminjar (heildarlög).